

Sveitarfélagið Vogar
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Iðndal 2
190 Vogar

Reykjavík 9. janúar 2018
UST201712-018/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Aðalskipulag Sveitarfélagsins Voga 2008 – 2028 - breyting - vatnsból

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Voga er barst 4. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008 – 2028 og lýsingu deiliskipulagsgerðar vegna áætlana um nýtt vatnsból fyrir þéttbýlið í Vogum.

Í lýsingu kemur fram að tillaga að breytingu á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi falla undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana skv. 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Skipulagssvæðið

Í lýsingu kemur fram að svæðið sem áætluð breyting nær til er sunnan Reykjanesbrautar, í hrauninu á mótis við þéttbýlið í Vogum, um 500 m frá mismögum gatnamótum Reykjanesbrautar og Vogabrautar.

Náttúruminjar

Eins og fram kemur að ofan er svæðið sem breytingin nær til í hrauninu á mótis við þéttbýlið í Vogum. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 njóta m.a. jarðminjar sérstakrar verndar þ.á.m. eldhraun. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að forðast að raska slíkum jarðminjum vegna hinnar sérstöku verndar eldhrauna þegar farið er í framkvæmdir vegna vatnsborana.


Einnig bendir stofnunin á að eins og fram kemur í lýsingu er vatnsbólið áætlað á svæði á náttúruminjakrá. Verndargildi svæðisins byggist á misgengjum, fjölbreyttum gróðri og þar er mikilvægur áningastaður farfugla vor og haust. Umhverfisstofnun bendir á að útivistargildi svæðisins er hátt og það ásamt sérstakri vernd skal haft í huga þegar hugað er að framkvæmdum vegna vatnstöku.

Einnig kemur fram að ofangreint svæði nýtur hverfisverndar. Umhverfisstofnun tekur undir umfjöllun um friðun hins hverfisverndaða svæðis vegna fjölbreyttrar náttúru og útivistargildis svæðisins.

Umhverfisviðmið

Umhverfisstofnun bendir á að ný lög um náttúruvernd eru nr. 60/2013.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Rakel S Kristjánsdóttir
Sérfræðingur